

## REGLUGERÐ

### um bann við dragnótaveiðum í Eyrarbakkabug.

#### 1. gr.

Frá og með 7. febrúar 2010 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á svæði í Eyrarbakkabug, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°46,33' N - 20°47,40' V
2. 63°43,64' N - 20°50,18' V
3. 63°46,95' N - 21°01,72' V
4. 63°48,90' N - 21°21,55' V
5. 63°50,60' N - 21°23,50' V

Að norðan markast svæðið af fjöruborði lands.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 5. febrúar 2010.*

F. h. r.

**Steinar Ingi Matthíasson.**

*Kristján Freyr Helgason.*